

A large, 3D graphic of the title 'FYRIRTÆKI ÁRSINS 2019' is centered on the page. The text is rendered in white, blocky, sans-serif letters with a slight shadow, giving it a three-dimensional appearance. The text is arranged in three lines: 'FYRIRTÆKI' on the top line, 'ÁRSINS' on the middle line, and '2019' on the bottom line. The background is a solid dark blue with several white diagonal lines that create a sense of depth and perspective, intersecting the 3D text.



VR maí 2019  
Umbrot/útlit: Tómas Bolli Hafþórsson  
Hönnun kápu: Hvíta húsið

A photograph of a woman with dark hair, smiling warmly. She is wearing a black and white striped shirt. The background is a bakery with metal racks filled with various breads. The lighting is warm and soft.

## FYRIRTÆKI ÁRSINS 2019

Fyrirtæki ársins 2019 eru fimmtán talsins en alls fá 45 fyrirtæki viðurkenninguna **Fyrirmyndarfyrirtæki 2019**. Viðurkenningar eru veittar í þremur stærðarflokkum, Fyrirtæki ársins í hópi stærstu fyrirtækjanna, þar sem starfsmenn eru 70 talsins eða fleiri, eru fimm en þau eru **LS Retail, Nordic Visitor, PwC, Sjóvá** og **Vörður tryggingar**. Í flokki meðalstórra fyrirtækja þar sem starfsmenn eru frá 30 til 69 eru vinningahafarnir **Cyren, dk hugbúnaður, Tengi, Toyota á Íslandi** og **TRS**. Og í hópi minnstu fyrirtækjanna, þar sem starfsmenn eru færri en 30, eru Fyrirtæki ársins **Attentus - mannauður** og **ráðgjöf, Bókhald og uppgjör, Egill Árnason, Eirvík** og **Microsoft Ísland**.

VR hefur í rúma tvo áratugi staðið fyrir könnun árlega meðal félagsmanna sinna og þúsunda annarra starfsmanna á almennum vinnumarkaði þar sem spurt er um líðan í vinnu, aðstæður í starfi og viðhorf til ýmissa þátta á vinnustaðnum. Á grundvelli þessarar könnunar eru valin fyrirtæki ársins og fyrirmyndarfyrirtæki á hverju ári. Allir félagsmenn VR fá senda könnun en fyrirtæki geta tryggt öðrum starfsmönnum utan VR þátttökurétt. Það gerðu alls 118 fyrirtæki í ár. Af þeim komust 114 á lista en hjá hinum náðist ekki lágmarkspátttaka sem er 35% af útsendum spurningalistum. Eingöngu þau fyrirtæki sem tryggðu öllum sínum starfsmönnum þátttökurétt í könnuninni koma til greina sem Fyrirtæki ársins eða Fyrirmyndarfyrirtæki 2019.

Markmiðið með könnuninni er að afla upplýsinga um líðan félagsmanna í starfi og viðhorf þeirra til níu lykillþátta á sínum vinnustað. Könnunin er jafnframt vettvangur starfsmanna til að segja stjórnendum hvað vel er gert og hvað má betur fara. Sjá ítarlegri umfjöllun um hugmyndafræði könnunarinnar á vefsíðu VR, [vr.is](http://vr.is)



## UM KÖNNUN VR Á FYRIRTÆKI ÁRSINS 2019

Í ár eru liðnir meira en tveir áratugir síðan VR veitti í fyrsta skipti viðurkenninguna Fyrirtæki ársins sem byggði á könnun meðal félagsmanna. Það var árið 1998. Þá fékk eitt fyrirtæki þessa nafnbót. Í ár fá alls fimmtán fyrirtæki þessa viðurkenningu. Árið 1998 var könnunin lögð fyrir 1.500 félagsmenn VR en í ár var spurningalistinn sendur til hátt í 35 þúsund starfsmanna á almennum vinnumarkaði, bæði félagsmanna og annarra. Spurningarnar voru tíu árið 1998 og var könnunin gerð í síma. Í ár eru spurningarnar vel yfir fimmtíu og könnunin er eingöngu rafræn. Hægt er að skoða niðurstöður spurninganna á vef VR, vr.is.

Allar almennar spurningar um fyrirtæki ársins, líðan í starfi o.þ.h. eru samanturðarhæfar frá árinu 2004. Mörg fyrirtæki geta þannig skoðað þróun í viðhorfi starfsmanna sinna yfir fimmtán ára tímabil.

### AUKIN LÁGMARKSSVÖRUN

Nafnbótin Fyrirtæki ársins er veitt þeim fyrirtækjum sem verma fimm efstu sætin í hverjum stærðarflokki en þeir eru þrír. Í ár var gerð breyting á skiptingu fyrirtækja í stærðarflokka og jafnframt voru kröfur um lágmarkssvörun auknar. Stærstu fyrirtækin eru þau fyrirtæki þar sem starfsmenn eru 70 eða fleiri, meðalstór fyrirtæki eru þau fyrirtæki þar sem starfsmenn eru frá 30 til 69 talsins og minnstu fyrirtækin telja færri en 30 starfsmenn.

Lágmarkssvörun til að niðurstöður séu birtar er 35% en þó ekki færri en sjö svör hjá minnstu fyrirtækjunum en lágmarkið var fimm áður.

### ALLIR GETA TEKIÐ ÞÁTT

VR hefur í rúman áratug gefið fyrirtækjum kost á því að bjóða öllum starfsmönnum sínum þátttöku í könnuninni á Fyrirtæki ársins, óháð stéttarfélagssaðild. Fyrir tveimur árum var svo gerð sú breyting að einungis fyrirtæki þar sem allir geta tekið þátt - ekki bara VR félagar - koma til greina í vali á Fyrirtæki ársins og Fyrirmyndarfyrirtækjum. Þannig standa öll fyrirtæki jafnt að vígi þegar kemur að valinu.

### AF HVERJU AÐ VELJA FYRIRTÆKI ÁRSINS?

VR telur mikilvægt að veita þeim fyrirtækjum viðurkenningu sem búa starfsmönnum sínum fyrir myndar starfsumhverfi. Mikilvægt að hafa í huga að þessi viðurkenning er veitt á grundvelli upplýsinga sem starfsfólkið veitir sjálft. Könnunin tekur á öllum helstu þáttum í starfsumhverfinu og er því mælikvarði á gæði stjórnunar, samskipta og aðbúnaðar á vinnustað. Fjöldmörg fyrirtæki nýta niðurstöðurnar til að bæta það sem þarf að lagfæra og þátttaka alls starfsfólks styrkir þau skilaboð sem stjórnendur fá úr könnuninni.

Fyrirmyndarfyrirtæki og ekki síst Fyrirtæki ársins eru fyrirtæki sem náð hafa framúrskarandi árangri í mannauðsmálum. Ávinningur af þátttöku í könnun VR er augljós, niðurstöðurnar eru mælikvarði sem fyrirtækin geta skoðað ár frá ári. Það er mikilvægt að sjá þróunina í mannauðsstjórnun og meta árangurinn af þeim aðgerðum sem gripið er til þegar niðurstöðurnar sýna að þörf er á breytingum. Könnunin veitir aðhald, öllum til hagsbóta.

# ALLIR GETA TEKIÐ ÞÁTT

Á listum yfir Fyrirtæki ársins 2019 eru 114 fyrirtæki sem eru stjórnmerkt. Þessi merking þýðir að fyrirtækið hafi tryggt öllum starfsmönnum sínum þátttökurétt í könnuninni, óháð því hvort viðkomandi starfsmaður er í VR eða ekki. Þetta er 78% af fjölda fyrirtækja sem komst á lista. Auk þessara 114 fyrirtækja eru fjögur til viðbótar sem tryggðu öllum starfsmönnum þátttökurétt, en náðu ekki lágmarkssvarhlutfalli eða fjölda svara og eru niðurstöður þeirra því ekki birtar.

VR tók þá ákvörðun árið 2003 að gefa fyrirtækjum færi á að allir starfsmenn gætu tekið þátt í könnuninni, óháð því í hvaða stéttarfélagi starfsmenn voru eða hvert starfshlutfall þeirra var. Möguleikinn á þátttöku alls starfsfólks eykur mjög notagildi könnunarinnar fyrir stjórnendur fyrirtækja, því fleiri sem taka þátt, því betur endurspeglar niðurstöðurnar afstöðu allra starfsmanna, ekki eingöngu félagsmanna VR á vinnustaðnum.

Við viljum líka benda á að hjá mörgum fyrirtækjum á listum eru eingöngu félagsmenn VR án þess að þessi fyrirtæki séu stjórnmerkt. Stjórnmerking fæst eingöngu ef fyrirtæki tryggja starfsmönnum þátttökurétt, með því að senda inn beiðni um þátttöku til félagsins eða láta vita á annan hátt.

Stjórnendur um eitt þúsund fyrirtækja á íslenskum vinnumarkaði fengu í upphafi árs sendan kynningarbækling þar sem þessi möguleiki var kynntur. Allir félagsmenn VR fá senda könnun og er það fyrirtækjum að kostnaðarlausu. Þátttaka annarra starfsmanna felur hins vegar í sér kostnað fyrir fyrirtækin.

Við vonum að sem flestir sjái sér hag í að tryggja öllum starfsmönnum þátttökurétt í þessari könnun og að enn fleiri fyrirtæki verði á þessum lista á næsta ári.

## EFTIRTALIN FYRIRTÆKI Á LISTUM YFIR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2019 TRYGGÐU ÖLLUM STARFSMÖNNUM RÉTT TIL ÞÁTTTÖKU Í KÖNNUNINI – ALLS 114 FYRIRTÆKI.

1912	Ferðapjónusta bænda	Kraftvélar	Skeljungur
66 Norður / Sjóklæðagerðin	Félagsstofnun stúdenta	Lífeyrissjóður verzlunarmanna	STEF
A4 / Egilsson	Fjárstoð	LS Retail	Strikamerki
Allianz	Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	Lögheimtan	Sýn
Alþýðusamband Íslands	Fulltingi	Margt smátt	Tandur
Annata	Garri	Microsoft Íslandi	Tempo
Attentus - mannauður og ráðgjöf	Gildi lífeyrissjóður	Miðlun	Tengi
Áltak	Globus	Mímir-símenntun	Terra Nova
Árnason Faktor	Hagvangur	Motus	Thor Shipping
Ásbjörn Ólafsson	Halldór Jónsson	Nordic Visitor	TK bílar
Bandalag íslenskra skáta	Happdrætti Háskóla Íslands	Nova	Toyota á Íslandi
Birta lífeyrissjóður	Harpa, menningar- og ráðstefnuhús	Opin kerfi	TRS
Birtingahúsið	Háskólinn á Bifröst	Orf-líftækni	Tryggingamiðstöðin
Bílaleiga Flugleiða (Hertz)	Heilsa	Origo	TVG Zimsen
Bílaumboðið Askja	Hringdu	Parlogis	Vaki fiskeldiskerfi
BL	Hugsmiðjan	Pipar / TBWA	Valka
Blindrafélagið	Hvíta húsið	Poulsen	Verkís
Bókhald og uppgjör	Höldur	PWC	Verslunartækni
Centerhotels	Iceland Cargo	Rauði kross Íslands	Vettvangur
Controlant	Iceland Pro Travel	Reitir fasteignafélag	VIRK
Cyren Iceland	Icepharma	Rekstrarfélag Kringlunnar	VÍS
Danól	IÐAN - fræðslusetur	Reykjafell	VSF Verkfræðistofa
Deloitte	Ikea	Ritari	Vörður tryggingar
dk hugbúnaður	Ísaga	S4S	Wise
Egill Árnason	Íslensk getspá	Saga Film	Þekking
Eirvík	Íslenskir aðalverktakar	Samhjálp	Ölgerðin Egill Skallagrímsson
Ernst & Young	Johan Rönnung	Securitas	Öryggismiðstöðin
Expectus	Jónar Transport	Sjónlag	
Fastus	Katla matvælaíðja	Sjóvá	

## STÓR FYRIRTÆKI

**LS Retail** styrkir stöðu sína frá síðasta ári, fékk einkunnina 4,24 af 5 mögulegum í fyrra en er nú með einkunnina 4,44. Allar einkunnir fyrirtækisins hækka, til að mynda hækka einkunn fyrir stjórnun umtalsvert, fer úr 4,17 í 4,45. Þá eykst ánægja starfsmanna og stolt af vinnustaðnum, einkunn fyrir þann þátt fer úr 4,19 á síðasta ári í 4,54 í ár.

**Nordic Visitor** er í topp fimm hæstu fyrirtækja í sínum stærðarflokki fimmta árið í röð. Heildareinkunn er 4,39 en til samanburðar má nefna að meðaleinkunn í hópi stærstu fyrirtækjanna er 4,16. Langhæsta einkunn Nordic Visitor er fyrir þáttinn ímynd fyrirtækis, 4,82, sem er jafnframt hæsta einkunn fyrir þennan þátt í stærðarflokknum.

**PwC** hækkar sig umtalsvert á milli ára, fær nú 4,34 í heildareinkunn en var með 4,15 í fyrra. Flestar einkunnir hækka á milli ára. Hæsta einkunn fyrirtækisins er fyrir þáttinn jafnrétti, 4,60, en sá þáttur mælir jafnrétti á vinnustaðnum í við samhengi. Stjórnun fær nú einkunnina 4,45 en fékk 4,22 á síðasta ári. PwC er nú í fyrsta skipti í hópi efstu fyrirtækja.

**Sjóvá** er nú í flokki fimm hæstu fyrirtækja í sínum stærðarflokki annað árið í röð, nú með einkunnina 4,38. Heildareinkunn Sjóvá í fyrra var 4,44 og lækkar því eilítið á milli ára. Hæsta einkunn fyrirtækisins í ár, eins og á síðasta ári, er fyrir jafnrétti, en í ár fær sá þáttur 4,68. Svörun er mjög góð, á milli 80% og 100%, sem telja verður gott hjá svo stóru fyrirtæki.

**Vörður tryggingar** er í hópi fimm efstu fyrirtækja í fyrsta skipti, með einkunnina 4,35 sem er stórt stökk frá því í fyrra en þá var heildareinkunn fyrirtækisins 4,01. Allar einkunnir Vörðar hækka, mest einkunn fyrir stjórnun sem fer úr 4,01 í 4,45. Hæsta einkunn fyrirtækisins er fyrir jafnrétti, 4,71. Ánægja með launakjör eykst einnig umtalsvert, sá þáttur fær í ár 3,56 í einkunn en var 3,18 í fyrra.

## MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI

**Cyren** er nú á lista yfir Fyrirtæki ársins annað árið í röð, nú með einkunnina 4,58 en heildareinkunn meðalstórra fyrirtækja er 4,23. Hæsta mögulega einkunn er 5. Hæsta einkunn Cyren er fyrir þáttinn jafnrétti, 4,88, og hækka hún milli ára. Þetta er einnig hæsta einkunn fyrir þennan þátt í hópi meðalstórra fyrirtækja. Einkunn fyrir sveigjanleika í vinnu hækka einnig á milli ára.

**dk hugbúnaður** færast milli flokka í ár, var í hópi stærri fyrirtækja í fyrra en í ár var gerð breyting á stærðarskiptingu fyrirtækjanna. Það breytir því ekki að fyrirtækið er í hópi fimm efstu fyrirtækja í sínum flokki annað árið í röð með einkunnina 4,56 en meðaltal í þessum stærðarflokki er 4,23. Einkunnir eru svipaðar á milli ára, en einkunn fyrir jafnrétti hækka í 4,56 úr 4,48.

**Tengi** hefur verið ofarlega á lista síðustu ár en er nú í topp fimm sem eitt af Fyrirtækjum ársins. Heildareinkunn fyrirtækisins er 4,55 sem er svipað og í fyrra. Hæsta einkunn Tengis er fyrir þáttinn ímynd fyrirtækis eða 4,81 sem er hæsta einkunn í þessum stærðarflokki sé litið til fyrirtækja sem tryggðu öllum starfsmönnum sínum þátttöku í könnuninni.

**Toyota á Íslandi** fær 4,56 í heildareinkunn í ár sem er svipað og á síðasta ári. Nokkrar einkunnir lækka á meðan aðrar hækka. Þær sem hækka á milli ára eru meðal annars einkunn fyrir launakjör sem er 3,65 hjá fyrirtækinu en var 3,29 í fyrra. Þá hækka einkunnir fyrir þáttinn jafnrétti, úr 4,31 í 4,44, og fyrir ánægja og stolt sem mælist nú 4,80.

**TRS** er nýtt fyrirtæki á lista yfir Fyrirtæki ársins og fær 4,58 í heildareinkunn í ár samanborið við 4,43 í fyrra. Flestar einkunnir hækka, sumar umtalsvert. Þar má nefna einkunn fyrir sjálfstæði í starfi sem fer úr 4,34 í 4,59, og fyrir þáttinn jafnrétti sem hækka úr 4,55 í 4,74. Þá hækka einkunn fyrir stjórnun og er 4,59 en meðaltal þáttarins í stærðarflokknum er 4,24.

Fyrirtæki ársins voru valin þannig að spurningalisti var lagður fyrir starfsmenn fyrirtækja þar sem þeir voru inntir eftir mati á innra starfsumhverfi fyrirtækis síns. Mælingin náði til níu mismunandi þátta í starfsumhverfinu. Allir þættirnir taka gildi á bilinu 1 til 5, þar sem 5 gefur til kynna mjög mikla ánægju starfsmanna með viðkomandi þátt en 1 gefur til kynna mjög mikla óánægju.

Ef fyrirtækið er með einkunnina 3 fyrir ákveðinn þátt, gefur það til kynna að starfsmenn séu hvorki ánægðir né óánægðir með viðkomandi þátt í starfsumhverfi fyrirtækisins. Hæsta einkunn sem fyrirtæki getur fengið er því 5 og á það bæði við um heildareinkunn og einkunn fyrir hvern og einn lykilkþátt.

## LÍTIL FYRIRTÆKI

**Attentus - mannauður** og ráðgjöf fær 4,70 í heildareinkunn í ár og er á lista yfir Fyrirtæki ársins annað árið í röð. Hæsta einkunn fyrirtækisins er fyrir þáttinn ímynd fyrirtækis, 4,91. Þátturinn launakjör fær 4,33 sem er umtalsvert hærra en meðaltalið meðal lítilla fyrirtækja fyrir þennan þátt en það er 3,64. Þá fá starfsandi og vinnuskilyrði yfir 4,80 í einkunn.

**Bókhald og uppgjör** hækkar sig nokkuð á milli ára, er með einkunnina 4,71 í ár en fékk 4,58 í fyrra. Allar einkunnir hækka utan eina sem stendur í stað. Þátturinn vinnuskilyrði hækkar mikið, úr 4,32 í 4,78, og ánægja með ímynd fyrirtækisins tekur stökk, úr 4,67 í 4,96 sem er umtalsvert hærra en meðaltalið fyrir þáttinn meðal lítilla fyrirtækja sem er 4,48.

**Egill Árnason** hækkar mikið á milli ára í heildareinkunn, fer úr 4,65 í 4,80. Allar einkunnir hækka, en mismikið þó. Má þar nefna þáttinn stjórnun en Egill Árnason fær einkunnina 4,9 fyrir þann þátt samanborið við 4,76 í fyrra. Meðaltal lítilla fyrirtækja fyrir þáttinn er 4,29. Þá fær fyrirtækið einkunn yfir 4,8 í sex af níu lykilþáttum.

**Eirvík** fær 4,73 í heildareinkunn í ár, sem er svipað og á síðasta ári, en meðaltal í þessum stærðarflokki er 4,37. Hæsta einkunn fyrirtækisins er fyrir þáttinn jafnrétti, 4,89, en meðaltal lítilla fyrirtækja fyrir þann þátt er 4,40. Þá er Eirvík einnig vel yfir meðaltalinu fyrir launaþáttinn, 4,39 samanborið við meðaltal upp á 3,64.

**Microsoft Ísland** fær heildareinkunnina 4,93 í ár en meðaltal í stærðarflokknum er 4,37. Fyrirtækið fær fullt hús stiga fyrir einn lykilþátt, starfsanda. Fimm aðrir þættir fá einkunn yfir 4,9, það eru stjórnun, vinnuskilyrði, sjálfstæði í starfi, ánægja og stolt og jafnrétti. Microsoft Ísland hefur verið ofarlega á lista í könnun VR nokkur síðustu ár og er í topp fimm annað árið í röð.

Lykilþættirnir eru: Stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd fyrirtækis, ánægja og stolt af fyrirtækinu og jafnrétti. Einkunnir þáttanna saman mynda heildareinkunn en vægi þeirra er misjafnt. Stjórnun fyrirtækis vegur þyngst eða 15% en starfsandinn vegur næstmest, 13%.

## FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI 2019

Fyrirtækin í fimmtán efstu sætunum í hverjum stærðarflokki fá viðurkenninguna Fyrirmyndarfyrirtæki og er ástæða til að vekja sérstaka athygli á frammistöðu þeirra. Mörg þessara fyrirtækja eru ofarlega á lista ár eftir ár, hvernig sem gengur, sem ber vott um öflugna mannauðsstjórnun. Við óskum Fyrirmyndarfyrirtækjum 2019 innilega til hamingju með árangurinn.

### FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI – STÓR FYRIRTÆKI

BL	S4S
Garri	Securitas
LS Retail	Sjóvá
Nordic Visitor	TK bílar
Nova	Tryggingamiðstöðin
Opin kerfi	Vörður tryggingar
Origo	Wise
PwC á Íslandi	

### FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI – MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI

Cyren	Tengi
dk hugbúnaður	Toyota á Íslandi
Hringdu	TRS
Hvíta húsið	TVG Zimsen
Miðlun	Valka
Orf-líftækni	VIRK
Pípar/TBWA	VSÍ verkfræðistofa
Tempo Software	

### FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI – LÍTIL FYRIRTÆKI

Attentus - mannauður og ráðgjöf	Fulltingi
Áltak	Hagvangur
Bandalag íslenskra skáta	Hugsmiðjan
Bókhald og uppgjör	Íslensk getsþá
Danól	Microsoft Ísland
Egill Árnason	Ritari
Eirvík	Vettvangur
Expectus	

STÓR  
FYRIRTÆKI

	Heildareinkunn	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskiyrdi	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd fyrirtækis	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall í %
Meðaltal	4,16	4,21	4,37	3,23	4,03	4,42	4,31	4,20	4,26	4,43	
1912 *	4,181	4,21	4,38	3,17	4,02	4,43	4,40	4,33	4,34	4,37	80-100%
66° Norður, Sjóklæðagerðin *	4,238	4,43	4,39	3,19	3,84	4,38	4,36	4,48	4,48	4,54	50-59%
A4/Egilsson *	4,211	4,42	4,38	3,25	3,97	4,36	4,32	4,40	4,33	4,40	50-59%
Actavis	3,877	4,30	4,50	2,44	3,95	4,53	4,34	3,16	3,21	4,31	35-49%
Advania	4,303	4,33	4,48	3,54	4,24	4,54	4,36	4,25	4,43	4,55	35-49%
Bílaleiga Flugleiða (Hertz) *	3,852	3,74	4,01	2,99	3,64	4,32	4,10	4,01	3,89	4,12	35-49%
Bílaumboðið Askja *	4,158	4,16	4,26	3,47	3,75	4,45	4,19	4,32	4,30	4,58	60-69%
BL *	4,307	4,38	4,33	3,59	4,21	4,42	4,42	4,25	4,45	4,69	60-69%
Brimborg	3,991	3,71	4,10	3,72	3,82	4,26	4,00	4,02	4,04	4,40	35-49%
CCP	4,353	4,38	4,53	4,02	4,33	4,60	4,47	3,89	4,23	4,73	35-49%
Centerhotels *	4,113	4,02	4,25	3,40	4,00	4,16	4,32	4,26	4,08	4,56	35-49%
Deloitte *	4,186	4,25	4,49	3,08	3,99	4,34	4,23	4,40	4,35	4,47	60-69%
Distica	4,092	4,01	4,26	3,13	4,22	4,41	4,27	4,06	4,03	4,48	35-49%
Félagsstofnun stúdenta *	4,173	4,35	4,29	3,12	4,01	4,31	4,30	4,38	4,30	4,44	60-69%
Fjárvakur	4,218	4,48	4,54	2,92	4,03	4,36	4,43	4,32	4,54	4,21	35-49%
Garri *	4,321	4,26	4,50	3,35	4,39	4,55	4,42	4,75	4,44	4,28	60-69%
Höldur *	4,124	4,11	4,24	2,92	4,11	4,46	4,25	4,40	4,21	4,45	35-49%
Iceland Travel	3,882	3,98	4,14	2,45	3,91	4,40	4,24	4,01	3,89	3,96	35-49%
Icelandair Cargo *	3,978	4,08	4,17	2,66	3,71	4,32	4,24	4,15	4,27	4,21	50-59%
Icepharma *	4,160	4,15	4,32	3,00	4,10	4,46	4,35	4,41	4,36	4,34	70-79%
IKEA *	4,125	4,04	4,16	3,48	4,00	4,16	4,19	4,37	4,15	4,61	35-49%
Íslenskir aðalverktakar *	4,123	4,19	4,34	3,31	4,08	4,36	4,26	4,19	4,33	4,05	35-49%
Johan Rönnung *	4,260	4,21	4,35	3,54	4,11	4,32	4,36	4,60	4,37	4,51	80-100%
LS Retail *	4,443	4,45	4,63	3,59	4,56	4,61	4,48	4,49	4,54	4,58	70-79%
Medis	3,364	3,47	3,81	1,78	3,34	4,25	3,72	2,94	3,03	3,95	35-49%
Motus *	3,782	3,80	4,31	2,59	3,99	4,56	4,22	3,24	3,84	3,54	70-79%
Nordic Visitor *	4,391	4,47	4,58	3,14	4,34	4,57	4,42	4,82	4,58	4,54	80-100%
Nova *	4,298	4,45	4,50	3,25	3,87	4,50	4,38	4,61	4,39	4,69	80-100%
Olíuverzlun Íslands	4,123	4,04	4,26	3,49	4,00	4,38	4,33	4,13	4,32	4,25	35-49%
Opin kerfi *	4,267	4,35	4,54	3,32	3,97	4,66	4,42	4,32	4,30	4,54	70-79%
Origo *	4,264	4,30	4,49	3,32	4,06	4,52	4,31	4,45	4,41	4,50	60-69%
Parlogis *	4,104	4,16	4,31	2,82	4,02	4,44	4,26	4,29	4,21	4,42	60-69%
PwC *	4,343	4,45	4,58	3,33	4,25	4,44	4,35	4,47	4,52	4,60	70-79%
Rauði kross Íslands *	3,948	4,06	4,17	2,69	3,53	4,24	4,01	4,35	4,17	4,28	70-79%
Reykjavík Excursions	3,680	3,58	4,03	2,88	3,23	3,89	4,01	3,75	3,64	4,18	50-59%
S4S *	4,310	4,32	4,53	3,43	4,02	4,44	4,56	4,55	4,51	4,45	50-59%
Securitas *	4,292	4,36	4,44	3,48	4,20	4,30	4,39	4,42	4,40	4,59	35-49%
Sjóvá *	4,377	4,46	4,63	3,48	4,22	4,53	4,49	4,22	4,62	4,68	80-100%
Skeljungur *	4,149	4,24	4,33	3,44	3,91	4,38	4,37	3,88	4,28	4,50	35-49%
Sýn *	4,039	4,17	4,28	2,92	4,17	4,39	4,21	3,41	4,17	4,53	35-49%
TK bílar *	4,299	4,33	4,38	3,44	4,14	4,42	4,39	4,64	4,50	4,47	35-49%
Tryggingamiðstöðin *	4,289	4,47	4,54	3,56	4,02	4,61	4,54	3,88	4,48	4,48	60-69%
Verkís *	4,247	4,24	4,44	3,35	4,18	4,61	4,21	4,24	4,36	4,58	80-100%
VÍS *	4,152	4,36	4,43	3,45	4,17	4,50	4,30	3,22	4,20	4,61	70-79%
Vörður tryggingar *	4,347	4,45	4,56	3,56	4,20	4,53	4,54	3,98	4,54	4,71	70-79%
Wise *	4,341	4,10	4,57	3,52	4,53	4,63	4,27	4,34	4,49	4,64	80-100%
WuXi NextCODE Genomics	4,545	4,51	4,64	4,11	4,69	4,56	4,36	4,48	4,77	4,72	35-49%
Ölgerðin Egill Skallagrímsson *	4,146	4,25	4,35	3,04	3,89	4,39	4,33	4,31	4,29	4,46	35-49%
Öryggismiðstöð Íslands *	4,109	4,19	4,28	3,40	3,64	4,27	4,33	4,17	4,24	4,49	35-49%
Össur	4,190	4,20	4,30	3,22	4,01	4,46	4,25	4,77	4,34	4,22	35-49%

Hér má sjá lista yfir stöðu fyrirtækja þar sem starfsmenn eru 70 eða fleiri. Hæsta einkunn er 5 en sú lægsta er 1. Það á bæði við um heildareinkunn fyrirtækisins og einkunnir þess fyrir einstaka lykilmætti. Stjórnumerking (\*) þýðir að fyrirtækið tryggði að allir starfsmenn þess – óháð stéttarfélagsaðild starfsmannsins eða starfshlutfalli – fengu tækifæri til að taka þátt í könnuninni. Eingöngu stjórnumerkt Fyrirtæki koma til greina í vali á Fyrirtæki ársins eða Fyrirmyndarfyrirtæki.

Fyrirtækin eru birt hér í stafrófsröð. Á vef VR, vr.is, eru birtir listar yfir stöðu fyrirtækja þar sem hægt er að raða listanum eftir einkunn fyrirtækja, bæði heildareinkunn og einkunn fyrir staka þætti.



MEÐALSTÓR  
FYRIRTÆKI

	Heildareinkunn	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskiyriði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd fyrirtækis	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall í %
Meðaltal	4,23	4,24	4,41	3,52	4,13	4,48	4,31	4,33	4,35	4,33	
Annata *	4,149	4,20	4,44	3,76	4,35	4,47	3,93	3,82	4,00	4,28	80-100%
Ásbjörn Ólafsson *	4,300	4,42	4,49	3,17	3,99	4,65	4,48	4,57	4,48	4,48	80-100%
Controlant *	4,257	4,17	4,43	3,68	3,80	4,51	4,21	4,58	4,44	4,56	80-100%
Cyren *	4,576	4,68	4,76	3,82	4,53	4,72	4,40	4,67	4,61	4,88	80-100%
dk hugbúnaður *	4,557	4,48	4,61	4,33	4,60	4,78	4,46	4,51	4,73	4,56	80-100%
Eirberg	3,815	3,66	4,00	3,21	3,27	4,27	4,00	4,24	3,72	4,17	35-49%
Epal	4,121	3,78	4,40	3,65	3,94	4,14	4,22	4,46	4,26	4,35	35-49%
Ernst & Young *	4,164	4,20	4,26	3,08	4,12	4,26	4,15	4,42	4,26	4,68	70-79%
Fastus *	4,125	4,04	4,23	3,50	3,68	4,39	4,26	4,43	4,35	4,39	80-100%
Ferðapjónusta bænda *	4,312	4,31	4,47	3,51	4,28	4,49	4,36	4,72	4,42	4,26	70-79%
Festi	3,855	3,84	4,10	3,37	3,79	4,02	4,13	3,73	3,90	3,87	80-100%
Forlagið	4,289	4,30	4,73	3,25	3,75	4,56	4,63	4,49	4,52	4,41	35-49%
Geysir shops	3,726	3,50	3,81	2,70	4,08	3,89	4,07	3,90	3,29	4,40	35-49%
Gildi lífeyrissjóður *	4,176	4,22	4,26	3,54	4,32	4,54	4,34	3,60	4,52	4,27	80-100%
Harpa *	4,123	4,08	4,47	3,37	4,02	4,29	4,10	4,03	4,41	4,27	50-59%
Háskólinn Bifröst *	4,052	4,27	4,07	3,07	4,01	4,49	4,39	3,85	4,18	4,19	50-59%
Hótel Klettur	4,324	4,56	4,52	3,67	4,02	4,39	4,18	4,21	4,64	4,57	50-59%
Hringdu *	4,490	4,50	4,61	3,74	4,48	4,59	4,59	4,79	4,59	4,54	80-100%
Hvíta húsið *	4,375	4,36	4,43	3,73	4,18	4,60	4,37	4,59	4,45	4,72	80-100%
Jónar Transport *	3,880	3,93	4,16	2,98	3,73	4,33	4,07	4,27	4,09	3,44	80-100%
Kortapjónustan	3,606	3,62	4,04	3,08	3,52	4,22	3,72	3,19	3,38	3,72	35-49%
Kraftvélar *	4,160	4,27	4,47	3,65	4,00	4,41	4,18	4,14	4,45	3,85	70-79%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna *	4,138	4,22	4,37	3,55	4,44	4,38	4,46	3,25	4,35	4,16	70-79%
Miðlun *	4,322	4,49	4,58	3,73	3,98	4,61	4,48	4,32	4,30	4,42	60-69%
Nox medical	4,832	4,94	4,96	4,29	4,88	4,87	4,75	5,00	5,00	4,73	50-59%
Orf-líftækni *	4,359	4,31	4,40	3,53	4,38	4,59	4,39	4,62	4,47	4,59	80-100%
Pipar/TBWA *	4,380	4,36	4,63	3,55	4,42	4,54	4,38	4,30	4,35	4,83	80-100%
Poulsen *	4,223	4,11	4,41	3,48	3,99	4,58	4,42	4,43	4,37	4,36	70-79%
Rammagerðin	4,172	4,09	4,52	3,43	3,94	4,07	4,37	4,27	4,25	4,57	35-49%
Reykjafell *	4,283	4,34	4,23	3,82	4,18	4,42	4,25	4,54	4,51	4,29	50-59%
Stoð stoðtækjasmíði	3,986	3,97	4,15	2,83	3,35	4,49	4,39	4,48	4,11	4,31	35-49%
Tandur *	4,093	4,10	3,96	3,62	3,94	4,32	4,23	4,52	4,20	4,10	70-79%
Tempo Software *	4,325	4,39	4,47	3,70	4,04	4,70	4,40	4,46	4,42	4,41	80-100%
Tengi *	4,554	4,66	4,65	4,08	4,45	4,65	4,55	4,81	4,76	4,36	80-100%
Terra Nova *	4,108	4,19	4,43	2,79	3,91	4,58	4,09	4,36	4,14	4,42	80-100%
Toyota á Íslandi *	4,562	4,69	4,80	3,65	4,48	4,73	4,67	4,76	4,80	4,44	80-100%
Trackwell-Stefja	4,222	4,33	4,43	3,69	4,24	4,50	4,25	4,11	4,50	3,93	35-49%
TRS *	4,577	4,59	4,73	3,87	4,48	4,66	4,59	4,74	4,77	4,74	80-100%
TVG Zimsen *	4,398	4,47	4,45	3,62	4,37	4,48	4,52	4,65	4,56	4,46	80-100%
Tölvulistinn	4,061	4,03	4,28	3,44	4,16	4,26	4,15	3,90	4,06	4,26	35-49%
Vaki fiskeldiskerfi *	4,224	4,29	4,50	3,42	3,89	4,72	4,23	4,44	4,29	4,29	60-69%
Valka *	4,317	4,33	4,54	3,51	4,08	4,54	4,15	4,52	4,61	4,53	80-100%
VIRK *	4,537	4,62	4,64	4,04	4,59	4,70	4,54	4,64	4,69	4,37	80-100%
VSB verkfræðistofa *	4,382	4,48	4,62	3,56	4,38	4,64	4,38	4,55	4,50	4,27	80-100%
Würth á Íslandi	3,967	3,69	4,03	3,45	4,53	4,38	4,09	4,03	4,27	3,41	35-49%
Þekking *	4,166	3,98	4,30	3,54	4,34	4,63	4,18	4,44	4,21	4,01	50-59%

Hér má sjá lista yfir stöðu fyrirtækja þar sem starfsmenn eru 30 til 69. Hæsta einkunn er 5 en sú lægsta er 1. Það á bæði við um heildareinkunn fyrirtækisins og einkunnir þess fyrir einstaka lykilorði. Stjórnumerking (\*) þýðir að fyrirtækið tryggði að allir starfsmenn þess – óháð stéttarfélagssaðild starfsmannsins eða starfshlutfalli – fengu tækifæri til að taka þátt í könnuninni. Eingöngu stjórnumerkt Fyrirtæki koma til greina í vali á Fyrirtæki ársins eða Fyrirmyndarfyrirtæki.

Fyrirtækin eru birt hér í stafrófsröð. Á vef VR, vr.is, eru birtir listar yfir stöðu fyrirtækja þar sem hægt er að raða listanum eftir einkunn fyrirtækja, bæði heildareinkunn og einkunn fyrir staka þætti.

LÍTIL  
FYRIRTÆKI

	Heildareinkunn	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd fyrirtækis	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall í %
Meðaltal	4,37	4,42	4,50	3,64	4,32	4,61	4,48	4,48	4,49	4,40	
Allianz á Íslandi *	4,334	4,40	4,44	3,17	4,21	4,71	4,57	4,49	4,50	4,57	80-100%
Alþýðusamband Íslands *	4,271	4,52	4,44	3,62	4,39	4,67	4,48	3,43	4,53	4,31	70-79%
Artasan	4,406	4,39	4,38	4,07	4,27	4,80	4,36	4,71	4,43	4,40	60-69%
Attentus - mannauður og ráðgjöf *	4,698	4,79	4,82	4,33	4,81	4,73	4,68	4,91	4,77	4,42	80-100%
Áltak *	4,595	4,62	4,48	4,11	4,69	4,83	4,65	4,80	4,65	4,63	80-100%
Árnason Faktor *	4,367	4,34	4,53	3,49	4,50	4,64	4,46	4,59	4,70	4,09	70-79%
Bandalag íslenskra skáta *	4,674	4,68	4,85	4,14	4,62	4,82	4,69	4,62	4,86	4,77	80-100%
Birta lífeyrissjóður *	4,173	4,40	4,11	3,70	4,31	4,52	4,39	3,29	4,37	4,47	80-100%
Birtingahúsið *	4,132	3,98	4,61	2,87	4,12	4,71	4,55	4,43	4,09	3,97	80-100%
Blindrafélagið *	4,409	4,53	4,40	3,39	4,33	4,65	4,65	4,69	4,52	4,57	80-100%
Bókhald og uppgjör *	4,714	4,83	4,74	3,99	4,78	4,82	4,81	4,96	4,81	4,70	80-100%
Danól *	4,545	4,68	4,51	3,86	4,46	4,85	4,50	4,69	4,75	4,62	80-100%
Egill Árnason *	4,798	4,90	4,77	4,43	4,86	4,72	4,85	4,93	4,88	4,83	80-100%
Eirvík *	4,730	4,71	4,79	4,39	4,66	4,77	4,80	4,77	4,83	4,89	80-100%
Expectus *	4,597	4,73	4,76	4,10	4,67	4,64	4,44	4,85	4,81	4,28	80-100%
Fálkinn	4,471	4,50	4,11	4,20	4,60	4,48	4,75	4,73	4,43	4,59	50-59%
Ferðakompaníð	4,122	4,11	4,41	3,27	3,67	4,60	4,08	4,67	4,28	4,10	35-49%
Fjárstoð *	4,422	4,50	4,42	3,93	4,44	4,62	4,50	4,55	4,48	4,41	60-69%
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins *	4,013	4,14	4,25	3,22	3,64	4,32	4,07	4,16	4,16	4,14	80-100%
Fulltingi *	4,663	4,75	4,85	3,71	4,70	4,83	4,65	4,88	4,88	4,65	80-100%
Globus *	4,476	4,66	4,90	3,60	4,06	4,49	4,57	4,90	4,75	4,25	80-100%
Godó	4,640	4,74	4,63	4,33	4,59	4,85	4,61	4,54	4,69	4,80	50-59%
Hagvangur *	4,544	4,53	4,81	4,18	4,35	4,63	4,79	4,86	4,79	4,06	70-79%
Halldór Jónsson *	4,448	4,59	4,48	3,64	4,36	4,89	4,55	4,63	4,63	4,35	80-100%
Happdrætti Háskóla Íslands *	4,340	4,18	4,55	3,25	4,50	4,68	4,66	4,19	4,50	4,62	80-100%
Heilsa *	4,349	4,54	4,20	3,61	4,07	4,65	4,49	4,49	4,53	4,64	80-100%
Heimsferðir	3,822	4,01	4,15	2,71	3,69	4,19	4,30	3,46	3,88	3,99	35-49%
Hugsmiðjan *	4,533	4,38	4,64	4,24	4,45	4,78	4,23	4,62	4,62	4,87	80-100%
Iceland Pro Travel *	4,049	4,17	4,27	2,65	4,20	4,04	4,39	4,35	4,03	4,24	80-100%
IDAN - fræðslusetur *	4,205	4,31	4,43	3,22	4,25	4,46	4,48	4,45	4,45	3,81	80-100%
Ísaga *	4,029	4,10	4,10	3,49	3,70	4,59	4,19	3,56	4,27	4,38	60-69%
Íslensk getsþá *	4,535	4,59	4,70	3,84	4,61	4,41	4,64	4,87	4,69	4,40	80-100%
Katla matvælaíðja *	3,569	3,27	3,57	2,86	3,71	4,08	3,96	4,00	3,18	3,79	35-49%
Lögheimtan *	3,764	3,51	4,56	2,37	3,79	4,58	3,89	3,67	3,72	3,83	35-49%
Margt smátt *	4,523	4,58	4,46	3,95	4,26	4,78	4,67	4,82	4,56	4,75	60-69%
Medor	4,355	4,70	4,86	3,39	3,86	4,46	4,50	4,19	4,54	4,52	70-79%
Microsoft Ísland *	4,925	4,97	5,00	4,85	4,98	4,84	4,92	4,81	4,97	4,94	80-100%
Mímír-símenntun *	3,928	3,84	4,05	2,65	4,33	4,51	4,04	4,41	3,98	3,64	50-59%
NPA miðstöðin	4,551	4,75	4,60	4,11	4,04	4,38	4,45	5,00	4,75	4,79	80-100%
Reitir fasteignafélag *	4,274	4,13	4,47	3,44	4,48	4,56	4,67	4,31	4,54	3,97	70-79%
Rekstrarfélag Kringlunnar *	4,517	4,71	4,65	4,01	4,19	4,48	4,63	4,59	4,71	4,63	80-100%
Ritari *	4,623	4,85	4,85	3,77	4,52	4,74	4,67	4,96	4,75	4,41	80-100%
Saga Film *	4,176	4,19	4,56	3,08	3,93	4,42	4,30	3,84	4,46	4,72	80-100%
Samhjálp *	4,364	4,50	4,63	3,12	4,46	4,47	4,65	4,31	4,50	4,53	35-49%
Sjónlag *	3,988	3,68	4,02	3,30	4,23	4,11	4,32	4,40	3,91	4,12	70-79%
STEF *	4,110	4,15	4,00	3,67	4,35	4,76	4,04	3,64	4,17	4,33	80-100%
Strikamerki *	4,234	4,40	4,41	3,12	4,29	4,71	4,17	4,58	4,36	4,05	80-100%
Thor Shipping *	4,280	4,38	4,12	3,97	3,93	4,68	4,40	4,64	4,42	4,18	70-79%
Veritas Capital	4,483	4,44	4,71	3,33	4,52	4,65	4,53	4,63	4,75	4,75	35-49%
Verslunartækni *	4,464	4,47	4,58	4,14	4,52	4,71	4,40	4,65	4,48	4,27	80-100%
Vettvangur *	4,551	4,78	4,69	3,82	4,60	4,82	4,66	4,67	4,75	4,15	80-100%

Hér má sjá lista yfir stöðu fyrirtækja þar sem starfsmenn eru færri en 30 talsins. Hæsta einkunn er 5 en sú lægsta er 1. Það á bæði við um heildareinkunn fyrirtækisins og einkunnir þess fyrir einstaka lykilmætti. Stjórnumerkning (\*) þýðir að fyrirtækið tryggði að allir starfsmenn þess – óháð stéttarfélagsaðild starfsmannsins eða starfshlutfalli – fengu tækifæri til að taka þátt í könnuninni. Eingöngu stjórnumerkt Fyrirtæki koma til greina í vali á Fyrirtæki ársins eða Fyrirmyndarfyrirtæki.

Fyrirtækin eru birt hér í stafrófsröð. Á vef VR, vr.is, eru birtir listar yfir stöðu fyrirtækja þar sem hægt er að raða listanum eftir einkunn fyrirtækja, bæði heildareinkunn og einkunn fyrir staka þætti.



Fyrirtæki ársins 2019 voru valin í könnun meðal félagsmanna VR og fjölmargra annarra starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Gallup sá um framkvæmd könnunarinnar og úrvinnslu gagna.

Gagnaöflun stóð yfir í febrúar og fram í mars. Könnunin var send til allra félagsmanna VR sem voru greiðandi til félagsins þegar hún var gerð. Fyrirtæki gátu einnig boðið öðrum starfsmönnum en VR-félögum að taka þátt, óháð stéttarfélagasáild, og greiddu þá fyrir þátttöku þeirra. Á listanum eru 114 fyrirtæki sem þannig tryggja öllum sínum starfsmönnum þátttöku. Þessi fyrirtæki eru merkt með stjörnu (\*) í listunum.

Alls fengu rúmlega 34 þúsund starfsmenn á almennum vinnumarkaði sendan spurningalista og svöruðu tæplega 12 þúsund. Markmið könnunarinnar er að kanna aðbúnað og líðan starfsmanna, viðhorf þeirra til stjórnenda og hvernig samskiptum er háttað svo fátt eitt sé nefnt. Niðurstöðurnar veita félaginu mikilvægar upplýsingar um stöðuna á vinnumarkaði á hverjum tíma og hvað brennur helst á félagsmönnum. Könnunin gefur starfsmönnum líka færi á að tjá sig um eigin stöðu og kjör og síðast en ekki síst eru niðurstöðurnar mælikvarði fyrir stjórnendur á stöðu fyrirtækisins.

## FIMMTÁN FYRIRTÆKI ÁRSINS

Spurningum í könnuninni er skipt í níu lykilmætti; stjórnun, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd fyrirtækis, ánægju og stolt af fyrirtækinu og jafnrétti. Fyrirtæki fá einkunn frá

einum upp í fimm fyrir hvern lykilmætti en þær einkunnir mynda heildareinkunn sem einnig er á bilinu einn til fimm. Fimm efstu fyrirtækin í hverjum stærðarflokki eru Fyrirtæki ársins og fimmtán efstu eru Fyrirmyndarfyrirtæki, en eingöngu fyrirtæki sem bjóða öllum starfsmönnum þátttöku eru með í valinu.

## KRÖFUR UM LÁGMARKSSVÖRUN

Gerð er krafa um 35% svörun hjá fyrirtækjum m.v. fjölda útsendra spurningalista, að öðrum kosti eru niðurstöður ekki birtar. Að auki er gerð krafa um sjö svör að lágmarki frá fyrirtækjum með færri en 50 starfsmenn, tíu svör frá fyrirtækjum þar sem starfsmenn eru 50–99, tuttugu svör frá fyrirtækjum þar sem starfsmenn eru 100–499 og að lágmarki fimmtíu svör frá fyrirtækjum þar sem starfsmenn eru 500 eða fleiri. Alls uppfylltu 147 fyrirtæki þessi skilyrði og byggjast niðurstöður Fyrirtæki ársins 2019 á svörum 6.763 starfsmanna þessara fyrirtækja. Á vef VR, vris, er að finna ítarlegri upplýsingar um framkvæmd könnunarinnar.

## EINKUNNIR VR

VR tekur ekki sæti á lista yfir Fyrirtæki ársins en birtir einkunnir félagsins. Hjá VR eru yfir 50 starfsmenn og fengu allir senda könnun. Heildareinkunn VR árið 2019 var 4,55. Einkunnir fyrir þættina eru: Stjórnun 4,57, starfsandi 4,65, launakjör 4,16, vinnuskilyrði 4,67, sveigjanleiki vinnu 4,67, sjálfstæði í starfi 4,57, ímynd fyrirtækis 4,30, ánægja og stolt 4,68 og jafnrétti 4,69.

Árlega stendur VR fyrir kjöri á *Fyrirtæki ársins*.  
Niðurstöður stærstu vinnumarkaðskönnunar á  
Íslandi liggja nú fyrir.

**Stór fyrirtæki**

LS Retail  
Nordic Visitor  
PwC  
Sjóvá  
Vörður tryggingar

**Meðalstór fyrirtæki**

Cyren  
dk hugbúnaður  
Tengi  
Toyota á Íslandi  
TRS

**Lítill fyrirtæki**

Attentus – mannaður og ráðgjöf  
Bókhald og uppgjör  
Egill Árnason  
Eirvík  
Microsoft Ísland

VR óskar *Fyrirtækjum ársins* til hamingju með frábæran árangur!